



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Akureyri, 18. maí 2016
Tilv.: 1511037

Efni: Umsögn um 742. mál frá nefndasviði Alþingis; frumvarp til laga um lögreglulög og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu)

Með tölvupósti dags. 12. maí s.l. var óskað eftir umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um lögreglulög og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu), 742. mál.

Eftirfarandi er umsögn Háskólans á Akureyri:

Háskólinn á Akureyri fagnar því að ráðgert sé að færa menntun lögreglumanna á Íslandi á háskólastig. Samfélagsþróun undanfarinna áratuga hefur leitt af sér breytingar bæði á ytra og innra starfsumhverfi lögreglu sem kalla á að þessi mikilvæga fagstétt fái ný tækifæri til menntunar og starfsþróunar. Þetta skref er í takti við þá þróun sem sjá má á hinum Norðurlöndunum og sams konar breytingar hafa verið á menntun annarra fagstétta með góðum árangri.

Háskólinn á Akureyri hefur áður lýst sig reiðubúinn til að annast nám í lögreglufræðum. Þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögum sem lúta að menntun lögreglumanna samrýmast vel áformum Háskólans á Akureyri í þessum efnum.

Þegar námið færir á háskólastig er mikilvægt að eftir föngum verði þess gætt að sú reynsla og þekking sem til staðar er í hópi þeirra sem starfað hafa að menntun lögreglumanna tapist ekki heldur nýtist sem grunnur að frekari þróun námsins. Stofnun mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu virðist til þess fallin að stuðla að þessu. Mennta- og starfsþróunarsetrinu er ætlað mikilvægt hlutverk í þeirri framtíðarskipan lögreglumenntunar sem lagt er upp með í frumvarpinu með því að annast starfsmenntun lögreglumanna ásamt því að vera tengiliður við háskólasamfélagið um störf lögreglumanna. Sú skipan mála sem lagt er upp með ætti að geta náð fram því mikilvæga markmiði að viðhalda þeirri þekkingu sem byggst hefur upp innan lögreglunnar á menntun lögreglumanna og byggja upp góð tengsl milli lögreglunnar og háskólasamfélagsins innan þess ramma sem settur er af lögum um háskóla nr. 63/2006, þar sem kveður á um sjálfstæði háskóla og ábyrgð þeirra sjálfra á fyrirkomulagi og uppbyggingu náms á háskólastigi.

Virðingarfyllst,

Sigrún Stefánsdóttir, staðgengill rektors